



Akraneskaupstaður

Minjastofnun Íslands  
Suðurgötu 39  
101 Reykjavík

Akranesi, 20. október 2015

1501415 RÁ/sas

**Efni: Tillaga um framtíðarvarðveislu Kútters Sigurfara**

Staða Kútters Sigurfara hefur verið í umræðunni síðustu misseri og hafa bæjaryfirvöld átt fundi með fulltrúum Þjóðminjasafns og Minjastofnunar um það málefni. Kúttur Sigurfari var smíðaður í Skotlandi árið 1885 og gerður út frá Seltjarnarnesi og Reykjavík á árunum 1879-1919, og síðar Færeyjum. Á þessu ári eru liðin 130 ár frá smíði þess. Það var síðan árið 1974 sem hann var keyptur til Íslands og hefur verið varðveittur í Byggðasafninu í Görðum á Akranesi. Það fjármagn sem hefur verið veitt til viðhalds á skipinu hefur því miður ekki dugað til og í dag er ástands skipsins mjög slæmt.

Bæjarráð óskar eftir heimild Minjastofnunar Íslands til að fá að nýta 5 m.kr. styrk sem veittur var af forsætisráðuneytinu til undirbúnings verkefnis til að rannsaka og varðveita heimildir um skipið, sbr. meðfylgjandi bréf þjóðminjavarðar Margrétar Hallgrímsdóttur. Styrkurinn verður nýttur til fyrsta áfanga verksins, þ.e. skipulagningar skráningarverkefnis. Stefnt verður að því að ráða verkefnastjóra sem undirbúi, skilgreini og stýri þessu verkefni og komi á formlegu samstarfi Akraneskaupstaðar og Byggðasafnsins í Görðum við sjóminjasöfn á Íslandi og á Norðurlöndum og við þjóðminjasöfn Norðurlanda. Fagleg ráðgjöf frá Þjóðminjasafni Íslands verður veitt um hina mismunandi faglega verkþætti frá sjónarhóli þjóðminjavörslu.

Stefnt er að því að verkefnið hefjist strax á næsta ári. Um nánari lýsingu á verkefninu vísast í fyrrgreint bréf þjóðminjavarðar Margrétar Hallgrímsdóttur.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

  
Regína Ásvaldsdóttir

bæjarstjóri



Akraneskaupstaður  
Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri  
Stillholt 16-18  
300 AKRANES

AKRANESKAUPSTAÐUR					
Akuz.	3.11	Mótt. af	ahj	Mótt. dags.	18 SEPT. 2015
Áb. n.	RA	Úrv. aðill	STA	Afrít.	RA/STA
Sím. n.		Tölvup.		Fax	AKF
Svarfr.		Trúnaðsmál		Fskj.	
Málgæ.					
Öne	1501415				

Reykjavík, 13. september 2015  
Tilvísun: 2015020039/07.13.00

**Efni: Kúttur Sigurfari, Byggðasafninu í Görðum, Akranesi - Tillaga að fram tíðarvarðveislu heimilda og þekkingar um skipið, miðlun hennar og gerð minnisvarða**

Skipið „Kúttur Sigurfari“ var smíðað í Skotlandi árið 1885 og gert út frá Seltjarnarnesi og Reykjavík á árunum 1879-1919, og síðar Færeyjum. Á þessu ári eru liðin 130 ár frá smíði þess. Árið 1974 var hann keyptur til Íslands og hefur síðan verið varðveittur í Byggðasafninu í Görðum á Akranesi. Fé, sem veitt hefur verið úr opinberum sjóðum, hefur ekki nægt til varðveislu skipsins. Kútturinn hefur staðið á landi um áratugaskeið án viðeigandi viðhalds sem bitnað hefur alvarlega á ástandi skipsins. Bæjarstjóri Akraness hefur leitað til Þjóðminjasafns Íslands um ráðgjöf og úrræði hvað varðar varðveislu skipsins. Á árinu lét Þjóðminjasafnið gera úttekt á varðveislugildi skipsins með sérfræðingum safnsins og tilkölluðum ráðgjafa. Að þeirra mati eru möstur, bómi og reiði í bestu ástandi, en aðrir hluta í bágu ástandi. Benda sérfræðingar á að ef tryggja eigi varðveislu skipsins þurfi að koma því undir þak og hefja viðgerðir í áföngum í varðveislu- og menntunarskyni. Sá möguleiki hefur áður komið til tals en ekki hefur reynst mögulegt að fjármagna slíka framkvæmd. Í ljósi ástands skipsins er kostnaður við þá leið að byggja yfir og endursmíða skipið umtalsverður, og vegna varðveislustigs skipsins má ætla að lítið hlutfall yrði upprunalegt eftir endursmíði. Í því ljósi þarf að meta hvort ákvörðun um slíka aðgerð teljist réttlætlanleg í ljósi forgangsröðunar á sviði þjóðminjavörslu á Íslandi.

Undirrituð fór yfir málið með forstöðumönnum Þjóðminjasafna Norðurlanda á samráðsfundi þeirra 3. – 4. september s.l. Í framhaldi af þeirri umræðu og umræðu á fundi bæjarstjórnar þann 10. september sl. er lagt til að óskað verði heimildar Minjastofnunar Íslands til þess að nýta 5 m.kr. styrk til undirbúnings verkefnis þar sem Kúttur Sigurfari verði tekinn í sundur í því skyni að rannsaka og varðveita heimildir um skipið, þ.e. samhliða nákvæmri skráningu á viðum og efnivið skipsins, hvers kyns upplýsingum og þekkingu um smíði þess, sögu og varðveislugildi. Að fenginni heimild Minjastofnunar verði fyrrnefndur styrkur nýttur til fyrsta áfanga verkefnisins, þ.e. skipulagningar skráningarverkefnis. Ráðinn verði verkefnisstjóri sem undirbúi, skilgreini og stýri verkefninu og komi á formlegu samstarfi Akranesskaupstaðar og Byggðasafnsins í Görðum við sjóminjasöfn á Íslandi, á Norðurlöndum og við Þjóðminjasöfn Norðurlanda. Sérstök áhersla verði lögð á samvinnu við Færeyjar, Noreg, Skotland og Álandseyjar. Þjóðminjasafn Íslands sem höfuðsafn á sviði menningarminja, mun veita faglega ráðgjöf um hina mismunandi faglega verkþætti frá sjónarhóli þjóðminjavörslu. Varðveislu- og miðlunarverkefnið fæli m.a. í sér að:



Skipið Kúttur Sigurfari verði tekinn í sundur með skipulögðum hætti samhliða ítarlegri skráningu á hverjum hluta þess. Það verði gert þegar á næsta ári til þess að unnt verði að ná að ná sem mestum upplýsingar um skipið sem sannarlega hrörnar með hverju árinu sem líður. Þannig verði skipið mælt nákvæmlega upp, ljósmyndað og skráð í því skyni að varðveita sem ítarlegastar heimildir um sögu, smíði, varðveisluástand, aðferðir, slit og handverk. Skipið verði með öðrum orðum nákvæmlega tekið niður, spýtu fyrir spýtu, og allir viðir og hlutar mældir og skráðir. Valdir hlutar verði teknir til varðveislu. Höfð verði viðtæk samvinna við söfn, minjavörslu- og menntastofnanir sem þátt taka í verkefninu m.a. minjasöfn, Minjastofnun Íslands, Listaháskóla Íslands, Háskóla Íslands og aðra háskóla í landinu, fjölbrautarskóla, iðnskóla, fornverkaskóla og myndlistarskóla. Skilgreindum hlutum skipsins verði fargað að skráningu lokinni, en aðrir varðveittir eða jafnvel notaðir til listsköpunar, handverksmennta og minjagripagerðar. Sett verði upp sýning um sögu skipsins þar sem niðurstöður uppmælinga og skráningar verða nýttar til margmiðlunar og sýningar. Samhliða verði áhersla lögð á varðveislu annarra báta Byggðasafns Akraness í Görðum og sýningu þeirra. Gefið verði út veglegt rit um Kúttur Sigurfara, sögu hans, gerð og feril í gegnum tíðina. Möstur og valdir hlutar verði varðveitt á sínum stað og sett í samhengi við minnisvarða á safnsvæðinu um sögu Kútters Sigurfara ásamt viðeigandi miðlun.

Meðfylgjan er tillaga Þjóðminjasafns Íslands að leið til þess að tryggja varðveislu heimilda um skipið Kúttur Sigurfara, þar sem markmiðið er að umbreyta leifum skipsins í þekkingu til grundvallar varðveislu, útgáfu og miðlun.

Með vinsemd og virðingu

Margrét Hallgrímsdóttir,  
Þjóðminjavörður